



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 24. apríl, 2006

Ákvörðun nr. 15/2006

### **Framlenging á gildistíma hámarksökutaxta sem Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra gefur út, vegna beiðnar leigubifreiðastöðvarinnar Hreyfils svf. um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga.**

#### **I Erindið**

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2006 *Afnám á hámarkstöxtum leigubifreiða sem Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra gefur út* kvað á um að frá og með 1. maí 2006 skyldi falla úr gildi hámarksökutaxti fyrir leigubifreiðar sem gefinn hefur verið út af BÍLS, Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra. Á undanförunum árum hefur þessi hámarksökutaxti verið gefinn út af BÍLS að undangengnu samþykki Samkeppnisstofnunar (nú Samkeppniseftirlitsins) á verðhækkunum. Jafnframt áréttaði Samkeppniseftirlitið að eftir gildistöku þessarar ákvörðunar verði fyrirtækjum sem reka leigubifreiðar, þ.e. hverjum þeim sem á og rekur leigubifreiðar, hvort heldur sem er frá leigubifreiðastöð eða á annan hátt, leigubifreiðastöðvum og samtökum leigubifreiðastjóra óheimilt að hafa hvers konar samstarf eða samskipti um ökutaxta og önnur verðlagsmál eða annað sem fer gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitinu barst bréf, dags. 30. mars 2006, þar sem óskað er eftir undanþágu fyrir sameiginlegan hámarksökutaxta leigubifreiðastjóra Hreyfils svf. (Hreyfils). Undanþágunnar er óskað á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 frá bannákvæðum í 10. og 12. gr. sömu laga.

#### **II Niðurstaða**

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er dagsett 7. febrúar 2006. BÍLS kærði þessa ákvörðun Samkeppniseftirlitsins með bréfi til áfrýjunarnefndar samkeppnismála dags. 2. mars 2006. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála úrskurðaði í kærumáli BÍLS hinn 18. apríl s.l. og staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

Leigubifreiðastöðin Hreyfill óskaði eftir undanþágu fyrir sameiginlegan taxa stöðvarinnar með bréfi til Samkeppniseftirlitsins dags. 30. mars 2006 en ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2006 er ætlað að taka gildi 1. maí nk. eins og áður segir. Í ljósi þess hversu seint undanþágubeiðnin barst frá Hreyfli er ekki



unnt að ljúka nauðsynlegri athugun á erindi Hreyfils fyrir 1. maí nk. Í þessu ljósi og með hliðsjón af öflugri stöðu Hreyfils á markaðnum er nauðsynlegt að grípa til tímabundinna ráðstafanna til að tryggja að þessi staða sem nú er upp komin valdi ekki röskun á markaðnum. Í því skyni telur Samkeppniseftirlitið heppilegast að framlengja gildistíma núgildandi hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðar til 1. júlí 2006. Fyrir þann tíma mun Samkeppniseftirlitið taka afstöðu til beiðni Hreyfils um undanþágu samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga.

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Hámarksökutaxti fyrir leigubifreiðar, sem samþykktur hefur verið af Samkeppniseftirlitinu og gefinn út af BÍLS, Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra, sem falla átti úr gildi frá og með 1. maí 2006, heldur gildi sínu fram til 30. júní n.k. og fellur úr gildi frá og með 1. júlí 2006.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson